

## Reglugerð um bikarmót í skíðaskotfimi

### Um Bikarmót í skíðaskotfimi

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðaskotfimi í öllum flokkum unglunga og fullorðinna karla og kvenna. Keppt skal samkvæmt reglum IBU (International Biathlon Union). Keppt skal í flokkum samkvæmt aldurskilgreiningu IBU.  
Fjöldi móta skal vera tvö bikarmót auk Skíðamóts Íslands.
2. Brautir skulu fylgja reglum IBU varðandi lengdir og uppsetningu startsvæðis, skotsvæðis og refsihrings.
3. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl árið á undan. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðildarfélögum SKÍ. Á ráslitum og úrslitum þessara móta skal tilgreina hvaða félag keppandi keppir fyrir.
4. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við Skíðaskotfimefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur IBU um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrautir. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til Skíðaskotfimefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal skíðaskotfimefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur skíðaskotfimefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.
5. Ekki skal skipuleggja skíðaskotfimi um sömu helgi og bikarmót í skíðagöngu.
6. Skíðatækni í skíðaskotfimi er frjáls aðferð.
7. Á bikarmótum í skíðaskotfimi SKÍ skal hafa til hliðsjónar þær vegalengdir sem keppt er í hjá IBU. Vegalengdir og keppnisform skal ákvarðast af Skíðaskotfimefnd ár hvert. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda ákveðnar vegalengdir/keppnisform getur mótstjóri og eftirlitsmaður breytt því eftir aðstæðum.
8. Innheimt eru mótagjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
9. Í lok hvers móts skal mótshaldari senda úrslit á öll þátttöku félög sem og skrifstofu SKÍ.
10. Á bikarmótum í skíðaskotfimi skal vera eftirlitsmaður, sem skipaður er af annað hvort SKÍ eða IBU skv. reglugerð um eftirlitsmenn.
11. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur IBU.

### Útreikningur á bikarstigum í skíðaskotfimi

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðaskotfimi í öllum flokkum 13 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr bikarmótum í skíðaskotfimi og Skíðamóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita.

2. Verðlaun og stigagjöfin á bikarmótum og Skíðamóti Íslands, þrjú verðlaun í hverjum aldursflokki og beggja kynja.

<b>1.sæti</b>	100 stig	<b>11.sæti</b>	24 stig	<b>21.sæti</b>	10 stig
<b>2.sæti</b>	80 stig	<b>12.sæti</b>	22 stig	<b>22.sæti</b>	9 stig
<b>3.sæti</b>	60 stig	<b>13.sæti</b>	20 stig	<b>23.sæti</b>	8 stig
<b>4.sæti</b>	50 stig	<b>14.sæti</b>	18 stig	<b>24.sæti</b>	7 stig
<b>5.sæti</b>	45 stig	<b>15.sæti</b>	16 stig	<b>25.sæti</b>	6 stig
<b>6.sæti</b>	40 stig	<b>16.sæti</b>	15 stig	<b>26.sæti</b>	5 stig
<b>7.sæti</b>	36 stig	<b>17.sæti</b>	14 stig	<b>27.sæti</b>	4 stig
<b>8.sæti</b>	32 stig	<b>18.sæti</b>	13 stig	<b>28.sæti</b>	3 stig
<b>9.sæti</b>	29 stig	<b>19.sæti</b>	12 stig	<b>29.sæti</b>	2 stig
<b>10.sæti</b>	26 stig	<b>20.sæti</b>	11 stig	<b>30.sæti</b>	1 stig

3. Ef einstaklingar á meðal þriggja efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta, 3. sæta o.s.frv. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrjú efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti.
5. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrjú efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti.
6. Reikna skal saman stigafjölda þriggja bestu hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Veita skal stigahæsta félaginu í eftirtöldum flokkum verðlaun:
1. 13-16 ára (bæði kyn saman).
  2. 17 ára og eldri (bæði kyn saman).

Þannig samþykkt á Skíðapingi 21. september 2024